

Alþingi
Erindi nr. P 132/431
komudagur 6.12.2005



HEILBRIGÐISEFTIRLIT
KJÓARSVÆÐIS

KJÓS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. desember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs Alþingis þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlitsins um ofangreint frumvarp fyrir 5. desember 2005. Eftirfarandi eru umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við fyrstu setningu frumvarpsins að ráðherra geti í reglugerð sett kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit í fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld skv. lögum þessum. Með því að fela einkaaðila að sjá um hluta af eftirlitinu er verið að búa til tvöfalt eftirlit þar sem einkaaðili getur aldrei tekið stjórnvalsákvörðun. Með flutningi eftirlits til einkaaðila þarf að vera ótvíræður ávinningur þessi ávinningur er að mati heilbrigðiseftirlitsins ekki skýr og mun að öllum líkindum ekki hafa í för með sér minni kostnað fyrir atvinnulífið sem greiðir fyrir eftirlitið. Þar sem krafan um faggiltar eftirlitsstofur er tilkomin ekki síst vegna gagnrýni um að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sé ekki að standa sig er rétt að skoða fyrir hvað heilbrigðiseftirlitið er gagnrýnt

a. Ósamræmi milli eftirlitssvæða

Bent er á að það er hlutverk Umhverfisstofnunar að samræma eftirlitið í landinu, það má segja að eftirlitið er ótrúlega vel samræmt miðað við hvað ríkið gerir lítið til þess að samræma það. Vissulega þarf að gera betur en nú er gert, en lausnin er ekki að setja tvöfalt eftirlitskerfi heldur að taka til í því sem nú er við líði. Ósamræmi í gjaldtöku er partur af þessum meiði en á ekki við rök að styðjast ef skoðuð eru virk fyrirtæki í gjaldskrá á hverjum stað. Rétt er þó að kostnaður getur verið breytilegur milli eftirlitssvæða t.d. vegna mismunandi fjarlægða og það mun ekki breytast með tilkomu faggiltra skoðunarstofa.

b. Skortur á boðvaldi.

Sveitarfélög ráða málefnum sínum sjálf eftir því sem ákveðið er í lögum. Það er þó ríkið sem setur reglurnar. Heilbrigðiseftirlitið fer í dag eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og eru engin dæmi um að þeim sé ekki fylgt. Með því að flytja eftirlitið yfir til faggiltra skoðunarstofa þá er það óbreytt staða að ríkið um ekki hafa boðvald yfir þeim.

c. Að sveitarfélögin hygli eigin rekstri

Ekki eru þekkt nein dæmi um þetta og engin dæmi hafa verið nefnd þessu til stuðnings. Ekki er tryggt að meira hlutleysis myndi gæta hjá faggiltri skoðunarstofu sem á hugsanlega allt undir að halda viðskiptum við ákveðin fyrirtæki. Með samstarfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga skapast hins vegar stórkostlegur ávinningur og skulu nefnd nokkur dæmi um hann.

Byggingafulltrúi gerir heilbrigðiseftirliti viðvart þegar ný starfsemi kemur í sveitarfélagið og heilbrigðiseftirlit hefur tök á að gera athugasemdir við starfsemina strax í byrjun.

Heilbrigðiseftirlitið hefur aðgang að landupplýsingakerfi sveitarfélagsins þar sem t.d. koma fram lagnir og landareignir sem jafnframt er tengdur fasteignamati ríkisins. Þessi grunnur er mjög þarflegur í eftirliti.

Heilbrigðisfulltrúi hefur beinan aðgang að opinberum skráum sveitarfélagsins s.s. teikningum og byggingafulltrúi fer með heilbrigðisfulltrúa í eftirlit þar sem verksvið skarast t.d. vegna óleyfisgáma og umgengni á lóðum. Sömuleiðis gerir leikskólafulltrúi heilbrigðiseftirliti viðvart þegar nýjar dagmæður taka til starfa.

Stutt samskiptanet ef eitthvað kemur uppá sem afla þarf upplýsinga um og tengist rekstri sveitarfélagsins.

d. Mikilvægt að eftirlitsaðili sé algerlega óháður.

Það hefur ekki verið stutt með gögnum að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sé það ekki og ekki er tryggt að faggilt skoðunarstofa sé óháður aðili.

e. Skortur á faglegu umhverfi.

Mikil breyting hefur orðið á faglegu umhverfi heilbrigðiseftirlitsins með sameiningu svæða. Heilbrigðiseftirlitið sinnir fjölbreyttu eftirliti og menntun starfsfólks er góð. Ekki er tryggt fagþekking í skoðunarstofum verði af ákveðnum gæðum.

Niðurstaða heilbrigðiseftirlitsins er að með tilkomu faggiltra skoðunarstofa sé ekki víst að eftirlitið muni batna, ekki er tryggt að hagsmunatengsl verði ekki fyrir hendi og ekki er víst að allir muni framkvæma eftirlit með sama hætti. Ljóst er að verið er að tvöfalda eftirlitið þar sem eftir sem áður þarf opinbert eftirlit, líklegt er því að fyrirtæki þurfi að greiða hærri kostnað og virðist það einmitt vera raunin með leikvallatækjaeftirlit sem falið er faggiltum skoðunarstofum og er komið langt út fyrir alla skynsemi vegna umfangs. Ef fela á einkaaðila hluta eftirlits myndi það veikja eftirlit sveitarfélaganna sem eftir stendur en einn styrkur heilbrigðiseftirlitsins í dag er heildaryfirsýn yfir alla málaflokka sem heyra undir það.

Í frumvarpinu er lagt til að kveðið skuli á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka við af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að. Gera má ráð fyrir að þessi tillaga sé komin til vegna þess að fyrirtæki fái ekki afslátt ef þau hafa virkt innra eftirlit. Ákvæði þessa efnis var í gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis er var fellt brott þar sem innra eftirlit í matvælafyrirtæki er krafa skv. lögum ekki er hægt að umbuna fyrirtæki fyrir að fara að lögum. Reynsla

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

AÐSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • Sími: 525 6795 • MYNSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: www.eftirlit.is • NETFÖNG: thn@mos.is og ad@mos.is


HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

heilbrigðiseftirlitsins sýnir að þar sem virkt innra eftirlit er starfrækt þarf jafnvel að eyða meiri tíma í eftirliti þar sem um er að ræða miklar skráningar sem tímafrekt er að yfirfara. Það er skoðun undirritaðs að fyrirtæki fái fjárhagslega umbun með sparnaði á öðrum sviðum með því að reka innra eftirlit eða gæðastjórnunarkerfi. Ekki sé endilega samasem merki að það náist sparnaður í opinberu eftirliti á sama tíma. Eftirlitið getur hins vegar aðstoðað fyrirtækið að halda gæðakerfinu gangandi með aðhaldi.

Ef ekki eru gerðar athugasemdir í fyrirtæki í fjögur ár í röð er heimilt að fækka eftirlitsferðum skv. gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis nr. 306/2004. Einnig er gefinn afsláttur af eftirlitgjöldum ef rekin er skert starfsemi t.d. hluta úr ári. Núverandi gjaldskrár heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru unnar að fyrirmynd frá umhverfisráðuneytinu og útreikningur þeirra er með sama hætti um allt land. Ekki er ástæða til að breyta lögum að þessu leiti en ástæða er til að endurskoða hvaða forsendur á að leggja til grundvallar við gerð gjaldskrána.

Markmiðið er að eftirlitið sé hagkvæmt fyrir samfélagið allt því er Umhverfisnefnd ráðlagt frá því að fela einkareknum faggiltum skoðunarstofum heilbrigðiseftirlitið nær er að taka til í núverandi kerfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Virðingarfyllt


Þorsteinn Narfáson,
framkvæmdastjóri.

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

AÐSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • Sími: 525 6795 • MYNDSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: www.eftirlit.is • NETFÖNG: thn@mos.is og ad@mos.is